
Evrópskt formleysi

Sýning á verkum evrópskra formleysismálara verður opnuð á Kjarvalsstöðum á morgun

Evrópsk formleysismálverk verða næstu vikurnar til sýnis í vestursal Kjarvalsstaða. Verkin eru fengin að láni hjá safni Riis í Noregi, en það mun vera eitt mesta og fjölbreyttasta einkasafnið þar í landi. Á sýningunni, sem verður opnuð kl. 16 á morgun, eru verk eftir helstu Cobra listamennina auk verka eftir franska, spænska og ítalska formleysismálara.



Formleysismálverk hengd upp á Kjarvalsstöðum. Mynd: Kristinn.

Cobra hreyfingin var hópur norður evrópskra myndlistarmanna, sem lögðu stund á formleysismálverkið, sem svo er nefnt og er ein greinin á meiði abstraktmálverksins. Það átti sitt blómaskeið í hinum vestræna listheimi á árunum 1940-1960 og skiptist í hópa eftir menningarsvæðum, eða auk Cobra, Art Informel (óhefðbundna list) og Tachisma í Frakklandi og Abstrakt expressionisma í Bandaríkjunum.

Formleysismálararnir töldu vestræna listmenningu komna í blindgötu og að eina leiðin til nýsköpunar væri að kasta hefðbundnum skilgreiningum og listhugmyndum fyrir róða. Fígúrur og form yrðu að víkja því þau gerðu ekki annað en hefta nýsköpun. Þar með varð óheft ímyndunarafl að leiðandi hugmyndafræði sem það eina sem losað gæti menn undan ríkjandi hefðum. Leiðarinnar að því upprunalega í hverjum manni, því sem væri handan ríkjandi menningar, var síðan meðal annars leitað í gegnum málverk „frumstæðra“ þjóða, barnalist, undirmeðvitundina og kenningar súrrealista.

Safn Inger og Andreas L. Riis varð til á 25 árum. Þau lögðu frá upphafi áherslu á að safna alþjóðlegri myndlist og þá sérstaklega verkum listamanna sem tengdust Cobra hreyfingunni og Parísarskólanum. Þau af verkunum úr safni þeirra, sem nú getur að líta á Kjarvalsstöðum eru eftir Pierre Alechinsky, Karel Appel, Roger Bissiére, Corneille, Olivier Debré, Lucio Fontana, Sam Francis, Egil Jacobsen, Asger Jorn, Per Kirkeby, André Landskoy, Jean Messagier, Serge Poliakoff, Antonio Saura, Marie Helena Vieira Da Silva, Francisco Toledo og Jacob Weidemann. **LG**

Ó-ÁLIT

